

Hverfisráð Kjalarness

Ár 2016, fimmtudaginn 8. september 2016 var haldinn 145. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn var haldinn í Fólkvangi og hófst kl. 17.10. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Hafsteinn Númason, Sigrún Jóhannsdóttir og Guðfinna Ármannsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Sigbór Magnússon áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Kjalarness, Ingibjörg Sigurbórsdóttir, framkvæmdastjóri Miðgarðs, Margrét Richter, deildarstjóri fjármála og rekstrar hjá Miðgarði og Þorvaldur Guðjónsson, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda hjá Miðgarði sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Sonja Wium kynnti verkefnið Hverfið mitt 2016. Farið yfir þær hugmyndir sem bárust frá íbúum og þá vinnslu sem hefur farið fram frá hugmyndasöfnun ásamt næstu skrefum.
 - kl. 17.15 Jóna Björg Sætran, áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina tók sæti á fundinum.
 - kl. 17.18 Eldey Huld Jónsdóttir tók sæti á fundinum,
2. Eldey Huld kynnti stöðu mála í vinnslu göngustígs við Brautarholtsveg.

Hverfisráð Kjalarness gerði eftirfarandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness fagnar því að í framhaldi af fundi borgarráðs í vor sjái nú loks fyrir endann á þessu mikilvæga verkefni fyrir umferðaröryggi á Kjalarnesi sem göngustígur við Brautarholtsveg er.

3. Sigríður Pétursdóttir kynnti forgangsöröðun verkefna og starfsáætlunarvinnu ásamt öðrum málefnum um Kjalarnes og stýrði umræðum.

Hverfisráð Kjalarness gerði eftirfarandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness óskar eftir upplýsingum um hvort það standi til að sinna nauðsynlegu viðhaldi á og við brú yfir Klébergslæk við Klébergsskóla, sem er gönguleið barna í skólann. Viðhald á þessu svæði er mjög ábótavant og krefst hverfisráð Kjalarness þess að brugðist sé við þessari slysaþættu strax til að tryggja öryggi barnanna, nú þegar skólaárið er nýhafið.

Fundi slitið kl. 19.05

Guðfinna Ármannsdóttir
Hafsteinn Númason

Sigríður Pétursdóttir

Sigrún Jóhannsdóttir